

» Kannski þegar við fögnum fimm ára afmæli keppinnar, hver veit? 44



Dan Brown Tekst á við frímúrara.

Biðinni eftir Dan Brown að ljúka

The Lost Symbol kemur út í september

BANDARÍSKI spennuhöfundurinn Dan Brown hefur skilað inn handriti næstu bókar sinnar. Aðdáendur höfundarins hafa lengi beðið bókarið, en hún kemur út 15. september.

Táknfræðingurinn Robert Langdon, stjarnan úr síðustu bók Browns, *Da Vinci-lykillinum*, snýr aftur. Nýja bókun mun heita *The Lost Symbol*, gerist öll á 12 tímum í Washington DC, höfuðborg Bandaríkjanna, og viðfangsefni Langdons verða leyndardómar frímúrara.

Fyrsta upplag bókarinnar verður 6,5 milljón eintök en útgefandinn, Random House, hefur aldrei prentað fyrstu útgáfu bókar í svo stóru upplagi. Útgáfusaga Dans Browns er heldur ekki venjuleg á neinn hátt. Þegar *Da Vinci-lykillinn* kom út árið 2003 sat hún til að mynda í rúmt ár í efsta seti metsölulista beggja vegna Atlantshafs. Í dag er hún söluhæsta skáldsaga allra tíma fyrir fullorðna en þar á eftir koma þrjár aðrar bækur Browns, *Angels & Demons*, *Deception Point* og *Digital Fortress*.

„Þessi skáldsaga hefur verið undarlegt og dásamlegt ferðalag,“ hefur *The Guardian* eftir Brown. „Að vefa fimm ára rannsóknarvinnu inn í 12 tíma söguramma var mikil áskorun. Lif Roberts Langdons er greinilega mun hraðara en mitt.“

Myndlist Merkileg verk í Borgarnesi

Á MORGUN kl. 14 verður opnuð í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi sýning á verkum úr listaverkasafni listvinarins Hallsteins Sveinssonar frá Eskiholti. Sýningin er tileinkuð Bjarna Bachmann safnverði sem vann merkt starf fyrir söfnin í Borgarfirði um aldarfjórðungsskeið. Verkin sem sýnd verða eru eftir listamenn á borð við Nínu Tryggvadóttur, Þorvald Skúlason, Hring Jóhannesson, Kristján Davíðsson, Svavar Guðnason, Gerði Helgadóttur, Ásmund Sveinsson, Jóhann Briem, Hjörleif Sigurðsson og Pál Guðmundsson.



Hallsteinn Sveinsson

Myndlist Útskriftarsýning á Kjarvalsstöðum

ÚTSKRIFTARSÝNING nemande myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans verður opnuð á Kjarvalsstöðum kl. 14 á morgun, en sýningin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur. Í ár eru um 70 útskriftarnemendur sem sýna verk sín, um 50 í hönnunar- og arkitektúrdeild og 22 í myndlistardeild. Sýningin stendur til 3. maí og er opin daglega frá kl. 10 til 17. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Sýningarstjórar eru Finnur Arnar Arnarsson, Kristján Örn Kjartansson og Kristján Eggertsson.



Finnur Arnar Arnarsson

Tónlist Útgáfutónleikar á Sódómu Reykjavík

TÓNLISTARMAÐURINN Eberg fagnar útgáfu sinnar þriðju breiðskífu, *Antidote*, með útgáfutónleikum á Sódómu Reykjavík í kvöld. Tónlist Ebergs hefur víða vakið athygli en lög úr fyrri verkum hafa fengið að hljóma í vinsælum sjónvarpsþáttum á borð við *The O.C.* og *Veronica Mars* auk þess sem lagið „Inside Your Head“ var notað í fyrstu iPhone-auglýsingunni vestanhafs. Eberg hefur sér til halds og trausts hljómsveit sem skipuð er vel völdum hljóðfæraleikurum. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og miðaverð er 1.000 krónur.



Eberg

Á þriðja tug þýðenda íslenskra bókmennta á önnur tungumál þinga um helgina

Lykilpersónur í útgáfu erlendis

Eftir Einar Fal Ingólfsson efi@mbl.is

Í HNOTSKURN

» Þýðendabíngið verður sett í Iðnó á föstudagsmorgun og þá verður heimasisða *Sagenhaftes Island*-verkefnisins opnuð.

» Síðar um daginn verður flogið til Hafnar og þar verður málþing með Hornfirðingum og síðan gíst á Þórbergsetri.

» 25 þýðendur sem búa erlendis koma á málþingið.

„TILGANGURINN með þessu alþjóðlega þýðendabíngi er að hlúa að þeim sem þýða íslenskar bókmenntir á önnur mál. Þeir vilja stundum gleymast í umræðunni en eru lykilpersónur þegar kemur að útgáfu íslenskra bókmennta erlendis,“ segir Þorgerður Agla Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs.

Þingið er haldið í samstarfi þeirra stofnana og félaga sem koma að bókaútgáfu hér og „Sagenhaftes Island“-verkefnisins“ sem annast þátttöku Íslands á bókakaupstefnunni í Frankfurt árið 2011. Til landsins koma 25 erlendir þýðendur og 10 aðrir, sem eru búsettir hér, taka einnig þátt. „Stór hluti þeirra sem tekur þátt í þinginu þýðir á þýsku en við leggjum ákveðna áherslu á þýðingar á þýsku í aðdraganda að þátttöku okkar í Frankfurt 2011,“ segir Þorgerður Agla. „Þátttökan þar er einstakt tækifæri til kynningar á íslenskum bókmenntum.“

Hún segir að þingið sé fyrst og fremst hugsað til að kynna þýðendum bókmenntastofnanirnar og bókmenntir samtímans.

Bókmenntasjóður kemur verkum ekki markvisst á framfæri við þá, en hún segir mörg förlög og höfundar í góðu sambandi við þýðendur.

„Margir íslenskir höfundar eru í mjög góðum tengslum við sína þýð-

endur, þeir gera sér grein fyrir hvað það skiptir gríðarmiklu máli, og þeir vinna mikið með þeim að þýðingum.“

Þessir þýðendur sem hér þinga eru að þýða allt frá Íslendingasögum til nýjustu bókmenntaverka.

„Þeir ná yfir allt sviðið, hvort sem það eru krimmar, Egilssaga, Jón Kalman eða Hallgrímur Helgason. Þetta er afskaplega fjölbæft fólk.“

– Sagt er að þýðingarvinnan sé illa borguð og erfið glíma. Af hverju er fólk að helga sig þessu?

„Það er enginn í þessu vegna peninganna,“ segir Þorgerður Agla. „Fyrst og fremst er þetta gert af gríðarlegum áhuga, og af ástríðu. Við erum þakklát fyrir það.“

Þetta fólk skiptir gríðarlegu máli. Góð þýðing getur fleytt bók langt.“



Morgunblaðið/G. Rúnar

Framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs „Fyrst og fremst er þetta gert af gríðarlegum áhuga og af ástríðu,“ segir Þorgerður Agla um starf þýðenda.

Málþing um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu

„Hefur verið sviptivindasamt í skipulagsmálum“

„ÞETTA verður örugglega talsvert krítið málþing,“ segir Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, um málþing er verður í Listasafninu á morgun, miðvikudag, milli klukkan 17 og 19. Yfirskriftin er *Höfuðborgarsvæðið – Kaos eða Kosmos* og er þingið haldið í tengslum við verk Þórðar Ben Sveinssonar á sýningunni „Nokkrir vinir“ sem nú stendur yfir í safninu.

Framsögu, auk Halldórs Björns, hafa þau Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Ágústa Kristófersdóttir, sýningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands, og Hjálmar Sveinsson, heimspekingur og þáttagerðarmaður.

„Við vorum að bæta inn á sýninguna „Nokkrir vinir“ þætti Þórðar Ben, hvað varðar áhuga hans á skipulagsmálum og skipulagi Reykjavíkur. Þórður starfar í Düss-

eldorf og á þessu ári kemur út í Þýskalandi bók um hugmyndir hans, en þær eru reistar á þessum grunni,“ segir Halldór Björn.

„Skipulagsfræðingafélagið veitti Hjálmarviðurkenningu fyrir útvarpsþætti hans, *Krossgötur*, og Hjörleifi fyrir rit hans um málefni Reykjavíkur, og svo hefur Ágústa lengi verið með þessa hluti á sinni könnu, hjá Listasafni Reykjavíkur og þar áður hjá Árbæjarsafni. Ég vildi endilega koma þeim saman á panel og þau brugðust afar vel við.“

Halldór Björn segir að meðal annars ætli Hjörleifur að fara í sögu skipulagsmála í borginni, þar sem skiptist á skín og skúrur. Góðar hugmyndir hafi komið fram en þeim hafi iðulega verið rústað. „Það hefur verið sviptivindasamt í skipulagsmálum borgarinnar,“ segir hann.



Morgunblaðið/Jim Smart

Þórður Ben Á málþinginu verður rætt um hugmyndir hans.

Stefán Hilmarsson með Bláum skuggum

Jazzhátíð Garðabæjar stendur yfir í þrjá daga, frá fimmtudegi til laugardags

JAZZHÁTÍÐ Garðabæjar verður haldin næstu þrjá daga, 23. til 25. apríl. Hátíðin er nú haldin í fjórða sinn á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar. Dagskráin skartar fjölbreyttu úrvali íslenskra listamanna á ýmsum aldri og í ólíkum stíltegundum djasstónlistar. Sem fyrr er sérstök áhersla á listamenn sem tengjast Garðabæ en listamönnum ótengdum Garðabæ er þó einnig gert hátt undir höfði. Hátíðin fer fram á þremur ólíkum tónleikastöðum, í Urðarbrunni, sal Fjölbrotaskólans í Garðabæ, í Kirkjuholi, safnadarheimili Vídalínskirkju, og í Vídalínskirkju sjálfri.

Listrænni stjórnandi hátíðarinnar er Sigurður Flosason, fyrrverandi bæjarlistamaður Garðabæjar.

Að vanda hefst hátíðin með

stórum tónleikum að kvöldi sumardagsins fyrsta, í sal Fjölbrotaskólans í Garðabæ. Fram koma Bláir skuggar, kvartett Sigurðar Flosasonar, en sérstakur gestur þeirra verður söngvarinn Stefán Hilmarsson. Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur áður en formleg dagskrá hefst.

Á föstudagskvöldið klukkan 21.00 leikur tríó Ómars Guðjónssonar í Kirkjuholi, safnadarheimili Vídalínskirkju. Garðabæingurinn Ómar er nýbakaður handhafi íslensku tónlistarverðlaunanna.

Hátíðinni lýkur með Sálmatónleikum Ellenar Kristjánsdóttur og Eypórs Gunnarssonar í Vídalínskirkju á laugardag kl. 16.00.

Ókeypiss er inn á alla tónleikana í boði Íslandsbanka og menningar- og safnanefndar Garðabæjar.